

23. febrúar 2007
SI-32656

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 12. febrúar 2007 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um tillögu til þingsályktunar um breytingar á skattlagningu lífeyrisgreiðslna, 382. mál.

Vert er að benda á að með núverandi reglum eru bæði framreiknuð iðgjöld og áfallin ávöxtun skattlögð með tekjuskattskerfi einstaklinga, um 36% árið 2007. Þetta er þyngra en ef ávöxtunin í heild væri á endanum skattlögð með tekjuskatti en ávöxtunin með fjármagnstekjuskatti. Ef tillagan nær fram að ganga, verða hins vegar bæði iðgjöld og ávöxtun skattlögð sem fjármagnstekjur. Það væri léttari skattmeðferð en ef skattlagningu væri skipt eftir eðli tekna og höfuðstóll skattlagður (á endanum) með tekjuskatti, en ávöxtunin með fjármagnstekjuskatti.

Frumvarpið lýtur að breytingum á tilflutningi skattkerfisins á tekjum milli skattþegna. Það er pólitískt álitamál, sem ekki er á verksviði Seðlabankans. Verði það að lögum, verður kostnaður hins opinbera um 3,3 ma.kr. samkvæmt upplýsingum í greinargerð frumvarpsins. Vegna takmaðra tekjustofna sveitarfélaga er líklegt að hann falli að lokum að mestu á ríkissjóð. Þetta tekjutap fellur til þegar viðbúið er að spenna minnki í hagkerfinu og hagar ríkissjóðs fari versnandi, eins og lýst er t.d. í spám fjármálaráðuneytisins í þjóðarbúskapnum í janúar 2007. Verði frumvarpið samþykkt er nauðsynlegt að samhæfa lækkunina öðrum fjármálaaðgerðum til að eftirspurn og spenna vaxi ekki um of. Til lengri tíma litið telur Seðlabankinn nauðsynlegt að því tekjutapi yrði mætt með niðurskurði gjalda eða öðrum tekjustofnum.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Eiríkur Guðnason
bankastjóri

Ingimundur Friðriksson
bankastjóri